Samband íslenskra sveitarfélaga

Innviðaráðuneytið
b.t. Hrefnu Hallgrímsdóttur
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2024

2410013SA AÞS
Málalykill: 00.61

**Efni: Tilnefning í fagráð siglingamála**

Vísað er til erindis frá innviðaráðuneytinu, dags. 10. október sl., þar sem óskað er eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni aðal og varmanna í fagráð siglingamála.

Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir Gísla Jóhann Halldórsson (gisli@faxafloahafnir.is), yfirhafnsögumann hjá Faxaflóahöfnum sem aðalmann og Dóru Björk Gunnarsdóttur (dora@vestmannaeyjar.is) hafnarstjóra í Vestmannaeyjum sem varmann.

Gert er ráð fyrir að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru í nefndir, ráð og stjórnir af hálfu Sambandsins vinni á grundvelli stefnumörkunar þess sem er á heimasíðunni www.samband.is og hagi störfum sínum í samræmi við hana eins og við getur átt.

Samfara tilnefningu þessari er gengið út frá því að Sambandið muni engan kostnað bera af fulltrúa sínum í ráðinu auk þess sem Sambandið telur eðlilegt að þóknun verði greidd fyrir störf í ráðinu. Það er að auki forsenda fyrir þátttöku fulltrúa Sambandsins að ráðuneytið greiði allan ferðakostnað fulltrúa Sambandsins vegna starfa fyrir ráðið.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Arnar Þór Sævarsson
framkvæmdastjóri

Skjal sótt af '99999999' dags: 12.02 2025